

*Fundur sjúkraliða á E-deild Sjúkrahúss Akraness,
haldinn þriðjudaginn 3ja janúar 2012, ályktar vegna
fyrirhugaðrar lokunar á deildinni:*

Með því að fækka rýmum fyrir sérhæfða hjúkrunarþjónustu, hvíldarinnlagnir og endurhæfingu öldrunarsjúklinga um 14 eins og stefnt er að með lokun E-deildar á Sjúkrahúsi Akraness, mun skapast aukinn vandi í þjónustu við aldraða á þessum sviðum frá því sem nú er. Möguleikar aldraðra með vistunarmat til innlagna á heilbrigðisstofnanir á Vesturlandi munu þrengjast sem nemur þessum 14 rýmum. Aðrar stofnanir geta ekki, svo séð verði, bætt við sjúklingum til innlagna í þessum mæli. Vandinn mun þá færast yfir á aldraða sjúklinga sem bíða heima eftir úrlausn og einnig á þá heimahjúkrun- og þjónustu sem í boði verður. Heimahjúkrun og félagsleg heimaþjónusta geta ekki komið í stað sólarhringsþjónustu á sérhæfðri hjúkrunarstofnun. Eftir því sem best er vitað er heimahjúkrun á vegum heilsugæslunnar yfirhlaðin af verkefnum fyrir. Aldraðir skjólstæðingar heilbrigðiskerfisins munu líða fyrir lokunaraðgerðir af þessu tagi.

Fyrir hönd Starfsfólks E-deildar Heilbrigðisstofnunar vesturlands Akranesi

*Erla Linda Bjarnadóttir, formaður
Vesturlandsdeildar Sjúkraliðafélags Íslands.*